

6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum.

Á Strandvegi, sunnanverðum, er óheimilt að leggja ökutækjum lengur en 30 mínútur á tímabilinu frá kl. 09.00 til kl. 19.00.

Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 15. apríl 1986.

Jón Ragnar Þorsteinsson, settur.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Mosfellshreppi fyrir árið 1986.

1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellshreppi sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellshreppi dags. 3. maí 1985, skal vera kr. 3 400,00 fyrir árið 1986.

2. gr.

Handsömunargjald verður kr. 700,00 í fyrsta skipti og kr. 1 100,00 í annað skipti.

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

*Soffía Magnúsdóttir.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1986, vegna tekjuársins 1985, skal nema 0,103% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 145 15. mars 1985.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.